

Merkingin liggur hjá lesandanum

„Hugmyndin um ljósið er í einhverjum skilningi orðsins tengd því hvernig tilgangsríkustu hlutir geta afvegaleitt okkur,“ segir Guðni Elísson sem sent hefur frá sér skáldsöguna *Ljósildruna*

Silja Björk Huldudóttir
silja@mbl.is

„Mig langaði að fara aðra leið að því að minna á póstmódernísku hugmyndina um textaleika skáldverksins með því að láta textana sem persónurnar í *Ljósildrunni* lesa líta vitund þeirra og ég leik mér með margvísleg textatengsl. Lesandinn þarf samt alls ekki að þekkja allar þessar vísanir til að skilja eða njóta bókarinnar, enda reyndi ég að skrifa hana þannig að hún væri skemmtileg aflestrar,“ segir Guðni Elísson um skáldsöguna *Ljósildruna* sem hann hefur sent frá sér og í gær var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta.

Undirrituð getur hiklaust tekið undir með Guðna um skemmtanagildið, því þó bókin sé mikil að umfangi er hún alls ekki þung aflestrar. *Ljósildrun* telur 232 þúsund orð sem fylla sléttar 800 blaðsíður. Hún inniheldur margar ólíkar tegundir texta, m.a. prósa, ljóð og skáldsagnabrot, auk þess sem hún rúmar fjölda textavísana í heimsbókmenntirnar. Má í því samhengi nefna höfund og verk á borð við Njálu, Laxness, Shakespeare, Biblíuna, Dante, Ovid, Tolstoj, Jane Austen, James Joyce og Tsjernísjevski. Vísanirnar birtast ýmist sem beinar textatilvitnanir eða skírskotun til atburða, persóna og aðstæðna úr bókmenntunum. Á sama hátt vinnur Guðni með ólíkar bókmenntagreinar á borð við hrollvekjuna, epíska söguldjóði, fantasíuna og satíruna, sem býður eðli málsins samkvæmt upp á margvíslegar túlkunir. Í þessu margradda verki fléttast saman tveir heimar þar sem segir frá „harmrænum ástum hjónanna Jakobs og Láru um leið og íslensku stjórnmála- og menningarlífi er lýst á gráglettinn og afhjúpani hátt,“ eins og segir í kynningartexta Lesstofunnar.

Myndmálið eins og meinvarp

Er það rétt skilið að bókin eigi sér um 20 ára aðdraganda?

„Fyrsta myndin sem varð til í höfðinu á mér sem tengist þessari bók varð til á haustmánuðum 2000. Þá sá ég mann koma inn um hóteldyr á Þingvöllum þakinn snjó og ég vissi að þetta var aðkomuáður sem hafði í hyggju að kaupa þetta hótél.“ segir Guðni og rifjar upp að á þessum tíma hafi nýfrjálshyggjan verið í mikilli uppsveiflu um allan heim. „Ég fór að hugsa um spennuna milli hins þjóðlega og alþjóðlega. Hvernig erlendir markaðir eru hægt og rólega að taka yfir og slá eign sinni á jafnvel hluti sem aldrei höfðu verið til sölu áður. Nokkrum vikum seinna kom upp mynd sem ég sótti í Flatleyjarbók og gerist á kamrinum í byggingu sem tengd er valdi í huga þjóðarinnar. Ég sá þessar tvær myndir og hugsaði: Þarna er eitthvað sem mig langar að flétta saman,“ segir Guðni og rifjar upp að á árunum 2003 til 2006 hafi hann unnið að bók sem átti að fjalla um íslenska bankahrunið.

„Mér fannst svo skrýtið að allir væru að tala upp bankastarfsemi á Íslandi. Það ríkti blind yssa þegar rétt var um þekkingu Íslendinga í bankamálum. Ef maður hefði átt að trúa þeirri frásögn hefði maður nán-



Morgunblaðið/Eggert

Guðni Elísson segir að við endurtekinn lestur *Ljósildrunnar* breytist afstaða lesenda til persóna og atburða.

ast þurft að leita yfirnáttúrulegra skýringa á þessari sérgáfu,“ segir Guðni og rifjar upp að hann hafi vegna anna lagt skrifin til hlíðar vor- ið 2006 og þurft að horfast í augu við það eftir hrúnið að skáldsagan væri ónýtt. „Fyrir hvatningu frá eiginkonu minni [Óldu Björk Valdímarsdóttur] tók ég aftur upp þráðinn í ársbyrjun 2016. Fljótlega fleygði ég þeim 200 til 300 síðum sem ég var búinn að skrifa,“ segir Guðni og bendir á að aðeins tvö brot úr upphaflegu bókinni hafi ratað inn í *Ljósildruna*.

„Strúktúrinn var samt til staðar sem og persónugalleríið í þeim skilningi að ég sameinaði persónur og breytti hlutverkum þeirra. Ég hagaði mér þannig eins og nýrikt fífl sem flytur inn í hús í Þinghóttunum og byrjar á því að rífa allar innréttingar út, en húsið er þarna ennþá. En þó ég hafi teiknað strúktúrinn nokkuð nákvæmlega upp áður en ég byrjaði að skrifa, lét ég það þó aldrei trufla mig,“ segir Guðni og nefnir sem dæmi senuna af dauða Láru. „Sú sena hafði verið skýr í höfðinu á mér í 14 ár, en þegar ég loksins skrifaði hana varð útkoman allt öðruvísi,“ segir Guðni og tekur fram að þó bók- in sé 800 blaðsíður hafi hann, út af strúktúrnum, þurft að passa allan vaðal.

„Það sem virðast vera útdúrandur í sögunni eru það aldrei, heldur eru þetta leiðir til að spyrja spurninga og draga fram ákveðin viðfangsefni. Þannig er myndmálið í sögunni nánast eins og meinvarp. Lesundur geta fundið hjarta eða uppsprettu ákveðinnar myndar í sögunni, en sjá hana síðan endurspeglast á 20 til 30 stöðum í bókinni,“ segir Guðni og bendir á að skynjun lesenda á myndunum breytist sökum þessa í öðrum lestri. „Ég segi stundum að ég noti smjörklípuaðferð til að skrifa söguna. Með því á ég við að ég er stöðugt að benda lesandanum á tiltekna hluti í textanum á meðan ég læði aðalatriðinu í gegn framhjá. Lesandi í annari umferð tekur frekar eftir þessu, því hann veit hverju hann á von á. Það eru lúpur í frásögninni þar sem ég

bind saman viðfangsefni. Bókin gengur þannig í endalausa hringi og speglast eftir ýmsum leiðum, jafnt í beinum lýsingum, persónugalleríinu og sjálfum strúktúrnum.“

Vonin er móðir heimskunnar

Þú vinnur mikið með ljós og skugga í bókinni, en snýrð engu að síður upp á hefðbundnar viðtök. Hvað getur þú sagt mér um það?

„Ég sný hlutunum á haus. Samkvæmt hefðinni er ljósið uppspretta lífsins. Ljósavæðing heimsins tengist framfaratrúnni og trúnni á það að við getum alltaf haldið settu striki. Í *Ljósildrunni* er birtan flóknari og getur stundum sé þótt túlkunar- móguleikarnir séu fleiri. „Peir kaflar bókarinnar þar sem birtan er mest eiga það allir sameiginlegt að snúast um þrána eftir því að stöðva tímenn og þrána um að hefja sig yfir for- gengileikann, sem er bundinn inn í þjóðsönginn okkar þar sem hver dagur er þúsund ár,“ segir Guðni og bendir á að þrír lykilkafar bók- arinnar um ljósið séu nákvæmlega 1.000 orð.

„Í þeim skilningi er esoterísk talnafræði í sögunni, bæði þar og víða annars staðar,“ segir Guðni og tekur fram að hann vilji í raun ekki svara spurningunni um ljósið og ljósildruna of skýrt í viðtalinu. „Ég get þó sagt að hugmyndin um ljósið er í einhverjum skilningi orðsins tengd því hvernig tilgangsríkustu hlutir geta afvegaleitt okkur,“ segir Guðni og vísar þar til pólska orðatiltækisins: Vonin er móðir heimskunnar.

Einhver gæti spurt hvar gæskan sé í bók þinni?

„Bókin er full af gæsku, hlýju og manneika en söguvitundin staldrar aldrei við það vegna þess að vitund sögupersónanna er svo sködduð eða brotin, að hún staldrar ekki við hið góða. Jakob er t.d. svo uppfullur af eigin sorg að hann tekur ekki eftir því að fót dóttur hans koma hrein

heim af leikskólanum. Þarna er hóp- ur af fólki sem veit hvað er í gangi og passar upp á Lilju, dóttur hans, þeg- andi og hljóðalaust.“

Þú notar íróniú markvisst sem frásagnaraðferð. Hvers vegna?

„Ein leið til að skoða bókina er að skoða hana sem rómans í gamla klassíska skilningi orðsins og sem menippíska satíru. Þannig má segja að þetta séu tvær skáldsögur sem fléttast saman eins og ying og yang. Strúktúr sögunnar er mótaður af þessari frásagnarbyggingu. Í einhverjum skilningi ryðst menippíska satíran, þ.e. írónián, inn í heim sakleysisins, sem er samt þrómatískt sakleysi því þar ræður annar karl ríkjum. Írónián í sögu Láru og Jakobs er því flóknari en í menippísku samfélagssatírunni.

Ástæða þess að mér finnst gaman að nota íróniúna er að í raun liggur merkingin hjá lesandanum. Einfaldasta skýringin á íróniú er að þú segir eitt en meinar annað. Í óræða bilinu á milli merkingarinnar og textans sjálfs þarf túlkun lesandans að fara fram. Lesandinn þarf að spyrja sig hvort sagan standi með tilteknum persónum, hver sé afstaða lesandans gagnvart persónum og til söguvit- undarinnar. Þetta verður miklu erfiðara þegar söguvitundin er fljótandi eins og reyndin er í *Ljósildrunni*. Lesandinn þarf sífellt að vera að endurstilla sig þegar hoppað er á milli huga. Afstaðan til persónanna á líka að breytast eftir því sem lesandinn fær fleiri upplýsingar.“

Sögur sem stýringartæki

Í ákveðnum skilningi má segja að undir lok bókar þinnar ruglir þú í lesandanum með þeim afleiðingum að maður þarf að endurmeta fyrri lestur og langar helst að byrja strax aftur á bókinni til að fá dýpri skilning. Meðal þess sem lesandinn þarf að skoða er hvað sé raunverulegt og hvað skáldskapur. Eða hvað?

„Spurningin um tengsl skáld- skapar og veruleika er eitt af grunn- verkefnum sögunnar og er eitt af þeim viðfangsefnum sem ég vinn með

í bókinni. Í einhverjum skilningi orðsins fjallar *Ljósildrun* í grunninn um frásagnir. Hvernig við í raun fær- um allt í einhvers konar tilgangsríkar formgerðir, líka frásagnir af dauða. Myndirnar sem við notum eru mótaðar af þessu,“ segir Guðni og bendir á að allar sögurnar sem sagðar eru í bókinni hafi markmið.

„Allar sögurnar í *Ljósildrunni* eru stýringartæki, leiðir til að hafa áhrif og leiðir að sveigja lesandann að vilja sínum – og á það jafnt við um sögurnar sem söguhöfundurinn segir lesandanum og þær sögur sem persónurnar segja sjálfar,“ segir Guðni og bendir á að þeir lesendur sem lesi bókina aftur láti eðli málsins sam- kvæmt ekki sveigja sig jafn auðveldlega. „Við endurtekinn lestur fer les- andinn að sjá smjörklípurnar betur auk þess sem afstaðan til persónanna breytist,“ segir Guðni og bendir á að margar frásagnir í bókinni þjóni því hlutverki að binda fólk saman, að tengja mennskjur og samfélagshópa „En sumar sögur eru líka þess eðlis að þær einangra eða splundra tengslum,“ segir Guðni og bendir sem dæmi á að Jakob noti sögur til að réttlæta vanrækslu sína gagnvart sínum nánustu.

„Melódráma er mikilvægt element í sögunni og ég skoða hvernig meló- drama getur hamlað mannlegum samskiptum. Þannig verður harmur forsætisráðherrans vegna fráfalls móður sinnar melódramatískur, þó hann sé líka raunverulegur. En þessi bakgrunnur skýrir líka hvers vegna forsætisráðherrann handvelur Jakob sem verðlaunahafa nýju bókmennta- verðlaunanna sem kynnt eru til sögunnar í bókinni. Valið á sér sál- fræðilegar ástæður þar sem Jakob er að syrgja móður og forsætisráð- herrann missti mömmu.

Valið hefur því ekkert endilega neitt með gæði verðlaunaljósins að gera,“ segir Guðni og tekur fram að það sem honum finnst mest spennandi við að vinna með textabrot í bók sinni sé að ekkert þeirra standi eitt og sér. „Það er enginn texti sem stendur óháður einhverju öðru. Það er alltaf merkingarleg athöfn í öllum textum þar sem þeir hafa allir til- gang. Tilgangurinn liggur ekki bara í því sem segir í textanum heldur í áhrifunum,“ segir Guðni og nefnir barnasöguna um Sissu sippustelpu. „Les Jakob söguna fyrir dóttur sína eða ekki? Hægt og rólega verður les- andinn óviss um það hvort þessi saga hafi raunverulega verið til eða ekki eða hvort hún sé hluti af einhverri sturlun Jakobs,“ segir Guðni og tekur fram að hann hafi með sjálfum sér svarað öllum þeim spurningum sem bókinn veltir upp án þess að þeim sé öllum svarað í verkinu. „Ég hef t.d. svarað því fyrir sjálfum mér hvort Jakob hafi í reynd stolið verðlauna- ljóðinu af konu sinni heitinni.“

Hefur þú með *Ljósildrunni* sagt skilið við allar persónur verksins?

„Nei, H.M.S. Hermann á sennilega eftir að snúa aftur í annari bók síðar, þó ekki þeirri næstu sem ég skrifa, því hún verður ástarsaga og fyllri af hlýju og manngæsku en þessi fjandi og algjörlega laus við íróniú,“ segir Guðni.

Lengri útgáfu viðtalsins má lesa í mbl.is.

Fjórar frábærar bækur!



Ógn

Dulúð, spenna, kynja- skepnur, ástir. Bók fyrir unglinga á öllum aldri!



Spæjara- hundurinn

Stórskemmtilegt og spennandi ævintýri um afar klókan hund sem fær í loppurnar sakamálin sem lögreglan hefur gefist upp á.



Ekki var það illa meint

Ljóðaúrfal Hjalmar Freysteinnssonar kemur öllum í gott skap.



Fugladagbókin 2022

Glæsileg dagbók. Á undan hverri viku er margþættur fróðleikur um 52 fugla og glæsilegar ljósmyndir af þeim.

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
holar@holabok.is • www.holabok.is

